

Vísindanefnd

Umfangsmikill hluti starfsemi vísindanefndar sneri að Rannsóknasjóði Háskóla Íslands. Unnið var úr umsóknum og úthlutað úr Rannsóknasjóði fyrir árið 2013 veturinn 2012. Á vegum vísindanefndar starfa sjálfstæð fagráð sem skipuð eru þremur til fimm fulltrúum hvert. Hlutverk fagráða er að annast faglegt mat og forgangsröðun á umsóknum í Rannsóknasjóð Háskóla Íslands, Doktorssjóð Rannsóknasjóðs og Háskólasjóð Eimskipafélagsins. Faglegt mat og forgangsröðun fagráða skal byggjast á forsendum og viðmiðum sem vísindanefnd háskólaráðs setur. Fagráðin meta allar umsóknir á fagsviði sínu. Samræming og lokafrágangur úthlutunar er síðan í höndum vísindanefndar.

Við úthlutun fyrir 2013 var unnið samkvæmt breyttum viðmiðum, aukin samræming í mati á verkefnum og ritvirkni umsækjenda. Lögð var áhersla á að styrkja sem best þau verkefni sem líklegust þykja til árangurs vegna vísindagildis og virkni umsækjanda. Auk þess var reynt eftir megni að styðja við unga vísindamenn. Umsóknir í sjóðinn voru 254 og alls voru 229 verkefni styrkt. Alls var úthlutað um 229 m.kr. úr Rannsóknasjóði fyrir árið 2013. Hver styrkur nam að meðaltali 1.004 þús.kr. (sjá nánar kafla um Rannsóknasjóð). Einnig voru veittir styrkir til nýdoktora sem hluti af úthlutun Rannsóknasjóðs (sjá nánar kafla um Rannsóknasjóð). Þá voru veittir styrkir til ráðstefnuferða stúdenta í doktorsnámi. Unnt var að styrkja 24 doktorsnema úr Háskólasjóði Eimskipafélags Íslands og Rannsóknasjóði í ár, umsóknir voru alls 139 (sjá nánar kafla um doktorsstyrki). Faglegt mat á umsóknum var, samkvæmt reglum, í höndum vísindanefndar og fagráða hennar. Var umsóknum forgangsraðað eftir vísindalegu gildi verkefnis, vísindalegri hæfni leiðbeinenda og náms- og rannsóknarferli stúdents.

Önnur verkefni vísindanefndar á árinu lutu aðallega að áframhaldandi endurskoðun á Rannsóknasjóði, breyttu fyrirkomulagi varðandi umsóknir, styrkveitingar og úrvinnslu. Einnig var hafin vinna við að skerpa á áherslum um mat á umsóknum um doktorsstyrki.

Skipan vísindanefndar

Þann 10. október 2011 var ný vísindanefnd skipuð og mun hún sitja þar til í október 2014. Nefndina skipuðu árið 2012:

- Guðrún Marteinsdóttir, prófessor á Verkfræði- og náttúruvísindasviði, formaður
- Ármann Jakobsson, prófessor á Hugvísindasviði, varaformaður
- Gylfi Magnússon, dósent á Félagsvísindasviði, varamaður Ingi Rúnar Eðvarðsson prófessor, 2012-2013
- Snorri Þór Sigurðsson, prófessor á Verkfræði- og náttúruvísindasviði
- Steinunn Gestsdóttir, dósent á Menntavísindasviði
- Þórdís Kristmundsdóttir, prófessor á Heilbrigðisvísindasviði
- Erna Kristín Blöndal, doktorsnemi í lögfræði, fulltrúi stúdenta, varamaður Tómas Hafliðason, doktorsnemi í iðnaðarverkfræði.